

# Eystrahorn

27. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 13. ágúst 2020

www.eystrahorn.is

## Minigolfvöllur vígður

Í byrjun júlí kom saman til smá athafnar fólkið sem hefur haft veg og vanda að Minigolfverkefninu sem er samstarfsverkefni Félags eldri Hornfirðinga og Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Var komið saman á Minigolfssvæðinu milli Ekru og Vesturbrautar og farið yfir verkefnið í töluðu máli, rakin saga þess og framkvæmda. Formaður FeH (Félags eldri Hornfirðinga) Guðbjörg Sigurðardóttir, Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður Bæjarráðs Hornafjarðar og Haukur H. Þorvaldsson umsjónarmaður verkefnisins af hálfu FeH tóku til máls. Hugmyndin að minigolfi kviknaði á stjórnarfundum FeH í febrúar 2019. Leitaði FeH eftir styrk frá sveitarfélaginu um smíðina og að sveitarfélagið tæki að sér að útbúa svæði fyrir minigolfið. Var því vel tekið og árangurinn má líta á svæðinu. Kærar þakkir félagar og verðandi félagar. Í þetta skipti voru þrjár brautir teknar í notkun en pláss er fyrir tvær brautir í viðbót á svæðinu. Eftir er að ræða framkvæmd og fjármögnun þeirra milli stjórnar FeH og sveitarfélagsins. Við smíði brautanna naut FeH einstakrar lipurðar Valgeirs Jónssonar og Skinneyjar-Þingness með afnot af aðstöðu í Lönguvitleysu, og flutning brautanna, eins Kalla Guðna sem hífði brautirnar á saltvagninn og kom þeim fyrir á svæðinu. Uppbygging og frágangur svæðisins er bæjarstafsmönnum til mikils sóma sem og allt samstarf milli FeH og þeirra. HÚRRA! Í lok athafnar slóu svo Ásgerður-Guðbjörg og Kristján Guðna vígsluhögginn og fólk fékk sér kaffisopa og pönsur í boði stjórnar FeH. Minigolfsvæðið er nú komið í eigu og umsjá sveitarfélagsins og hefur verðið opnað íbúum sveitarfélagsins og gestum. Er það auglýst hér í Eystrahorni, líka á facebooksíðu Félags eldri Hornfirðinga og heimasíðu sveitarfélagsins. Berum virðingu fyrir brautunum og svæðinu. Verum stolt af því! Þetta verður góð viðbót við afþreyingamöguleika í sveitarfélaginu okkar. Er ekki gott að búa á Hornafirði?

Félag eldri Hornfirðinga



Tveir ánægðir smíðir



Upphafshögginn slegin

## Íþrótt- og leikjanámskeið knattspyrnudeildar Sindra



Knattspyrnudeild Sindra býður uppá Íþrótt- og leikjanámskeið í sumar fyrir börn fædd 2012 til 2014.

### Dagskrá

- 17. ágúst - Kynningarleikir (Nafnaleikir og fleira)
- 18. ágúst - Körfubolti og fótboldi
- 19. ágúst - Fimleikar
- 20. ágúst - Heimsókn í fyrirtæki
- 21. ágúst - Lokadagur (Grillveisla og fleira)

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar vegna aðstæðna og veðurs.

Umsjónarmaður er Kristinn Snjólfsson.

Námskeiðið mun standa yfir í viku og vera frá kl. 09:00 – 12:00.

Boðið verður uppá gæslu milli 08:00 – 09:00 (Kátakot).

Verð fyrir námskeið er 6.000 kr. (Veittur 20% systkinaafsláttur).

Skráning fer fram í Nóra.

## Góð gjöf frá Hirðingjunum



Okkur á Skjólgarði barst gjöf frá Hirðingjunum en við fengum fjóra Lazy-Boy stóla að gjöf.

Þeir munu svo sannarlega nýttast okkar heimilismönnum og lífga upp á sólstofuna.

Gott er að eiga Hirðingjana að sem eru dyggir stuðningsaðilar Skjólgarðs.

Bestu kveðjur  
Jóhanna Sigríður Sveinsdóttir



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Stuðningsfjölskyldur

Félagspjónusta Hornafjarðar auglýsir eftir stuðningsfjölskyldum sem boðið geta barni inn á heimili sitt eina helgi í mánuði í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu eða styrkja stuðningsnet barnsins. Um er að ræða úrræði veitt á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks og barnaverndarlaga.

### Hæfniskröfur:

Reynsla, færni og áhugi á starfi með börnum og unglingum. Hæfni í mannlegum samskiptum sem og jákvætt viðhorf til barna og unglunga. Umburðarlyndi og vilji til samstarfs við foreldra. Hreint sakavottorð. Aðeins 20 ára og eldri koma til greina.

### Umsókn skal fylgja:

Heilbrigðisvottorð allra heimilismanna, 18 ára og eldri. Heimild til upplýsingaöflunar úr sakaskrá allra heimilismanna eldri en 15 ára. Yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum. Upplýsingar um önnur leyfi eða samkvæmt barnaverndarlögum og/eða lögum um málefni fatlaðs fólks ef við á. Upplýsingar veitir Hildur í síma 470-8000 eða á netfang [hildur@hornafjordur.is](mailto:hildur@hornafjordur.is)

## Þjónustuslátrun í sláturhúsinu á Höfn

Áformað er að bjóða upp á þjónustuslátrun sauðfjár og geita í sláturhúsinu á Höfn nú á haustmánuðum.

Eingöngu er um að ræða slátrun fyrir þá sem hyggjast taka afurðir sínar heim.

Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér þessa þjónustu eru beðnir um að hafa sem fyrst samband við Eyjólf Kristjánsson í síma 840-8871 Netfang: [harpaey@simnet.is](mailto:harpaey@simnet.is) eða Hermann Hansson í síma 895-2181 Netfang: [hermann@eldhorn.is](mailto:hermann@eldhorn.is) og gefa upp áætlaðan fjölda og óskir um sláturtíma, sem áætlaður er á tímabilinu 21. til 30. september og 19. til 24. október n.k.

*Sláturfélagið Búi svf.*



Aðalfundur 3. framboðsins  
verður haldinn á Ottó  
Þriðjudaginn 18. ágúst  
klukkan 17:00.  
Venjuleg aðalfundarstörf.

Hittumst sem flest og ræðum  
málin sem brenna á okkur.  
*Stjórnin*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



*Grenndarkynning framkvæmdaleyfis  
skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

## Stækkun dreifikerfis hitaveitu á Höfn

Rarik ohf hefur óskað eftir framkvæmdaleyfi vegna stækkunar dreifikerfis hitaveitu RARIK í Hornafirði og endurnýjun núverandi stofnlagnar við Víkurbraut.

Með vísan í 44. gr. skipulagslaga er hagsmunaaðilum gefinn kostur á að tjá sig um framkvæmdaleyfið og skal athugasemdum komið til skila á netfangið [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is) eigi síðar en **10. sept. 2020.**

Nánari upplýsingar og kort af framkvæmdasvæði má finna á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



## Umhverfisviðurkenningar 2020

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2020.

Auglýst er eftir tilnefningum á einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum, fyrirtækjum og lögbýlum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem hafa með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúruna og umhverfið að eðlilegum þætti í störfum sínum og rekstri eða hafa á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

Frestur til að skila inn tilnefningum er til 17. ágúst, þeim skal skila í Ráðhúsið, Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið [anna@hornafjordur.is](mailto:anna@hornafjordur.is)

*Fyrir hönd umhverfis- og skipulagsnefndar  
Anna Ragnarsdóttir Pedersen  
umhverfisfulltrúi*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



**Frumherji**  
Bifreiðaskoðun á Höfn  
17., 18. og 19. ágúst.

Tímamantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. ágúst.  
Næsta skoðun 14., 15., og 16. sept.

**Frumherji**  
*Þegar vel er skoðað*



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf. Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes  
Ríttstjóri og Umbrot: Tjörvi Óskarsson  
Ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson Prentun: Litlaprent  
Netfang: [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is) ISSN 1670-4126

## KERRUPRÓF

Kerrukennsla til BE réttinda verður á Hornafirði 18. til 20. ágúst ef næg þátttaka næst.

Upplýsingar í  
893-3652 eða [palloa@simnet.is](mailto:palloa@simnet.is)

**Ökuskóli**  
**Austurlands**





# Golfklúbbur Hornafjarðar Austurlandsmeistarar 2020



Frá vinstri: Halldór Steinar Kristjánsson, Óli Kristján Benediktsson, Ívar Örn Valgeirsson, Stefán Viðar Sigtryggsson, Halldór Sævar Birgisson og Jón Guðni Sigurðsson.

Sveitakeppni Austurlands í golfi fór fram á Grænanesvelli á Norðfirði helgina 25.-26. júlí en allir sex klúbbar Austurlands sendu sveit í keppnina. Dregið var í riðla á fimmtudeginum og lenti Golfklúbbur Hornafjarðar í riðli með Golfklúbba Seyðisfjarðar og Golfklúbba Byggðarholts. Eftir langan laugardag hafði GHH sigur í riðlinum og komst í úrslit á sunnudeginum á móti Golfklúbba Fljótdalshéraðs og sigraði GHH einnig þá og eru því Austurlandsmeistarar 2020. Þetta er í fyrsta sinn sem GHH vinnur á öðrum velli en á Silfurnesvelli en klúbburinn hefur unnið titilinn tvisvar sinnum áður en þá á heimavelli.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Breyttar áherslur í innheimtumálum hjá Sveitarfélaginu Hornafirði

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 7. apríl síðastliðinn að taka upp samstarf við Motus um innheimtu gjalda sveitarfélagsins sem ekki greiðast á réttum tíma. Markmiðið með samstarfinu er að tryggja jafnræði meðal íbúa, halda kostnaði vegna innheimtu vanskilakrafna í lágmarki og tryggja hagkvæmni í rekstri. Framvegis mun því bætast á vanskilakröfur ítrekunargjald í samræmi við upphæð kröfunnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður skorar á þá sem eiga ógreidd gjöld að ganga frá þeim fyrir 1. september næstkomandi, en að þeim tíma liðnum mun Motus annast innheimtu kröfunnar. Hægt er að greiða kröfur í heimabanka eða hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins og semja um ógreidd gjöld.



Sveitarfélagið Hornafjarðar / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

## Útboð

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir tilboðum í verkið „Víkurbraut 24 Hornafjörður Endurbætur/Breytingar“ eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim reglum sem um það gilda. Innfalið í tilboð skal vera allt það sem til þarf að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum.

### Lauslegt yfirlit yfir verkið.

Verkið fellst í endurbótum og breytingum á núverandi húsnæði í skrifstofuhúsnæði alls 545 m<sup>2</sup>, þar af byggja 24 m<sup>2</sup> viðbyggingu úr timbri

### Helstu verkþættir eru:

Niðurrif allra léttra veggja, lagna og innréttinga, brot og sögun vegna nýrra lagna og hurða, skipta um alla glugga og hurðir í útveggjum. Byggja viðbyggingu úr timbri á steiptum undirstöðum. Innrétta húsnæðið og gera það fullbúið fyrir lausar innréttingar og búnað.

### Vettvangskönnun á verkstað.

Vettvangskönnun verður haldin með tilboðsgjöfum eftir óskum. Nákvæm tímasetning og fyrirkomulag vettvangskönnunar verður skv. samkomulagi aðila. Þjóðendur eru hvattir til að mæta í vettvangskönnun og kynna sér aðstæður á verkstað.

**Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði merktu „Víkurbraut 24 Hornafjörður Endurbætur/Breytingar. Tilboð“ eigi síðar en mánudaginn 31. ágúst 2020 kl. 14:00. er þau verða opnuð samtímis í viðurvist þeirra þjóðenda er þess óska.**

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opunardegi.



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

### Útboðsgögn

Útboðsgögn bera nafnið: „Víkurbraut 24 Hornafjörður Endurbætur/Breytingar“ og sundurliðast eftirfarandi:

- IST 30
- Útboðslýsing gerð af KRark og tæknideild Sveitarfélagsins Hornafjarðar.
- Teikningar og verklýsingar arkitekt gert af KRark ehf
- Teikningar og verklýsingar burðarvirki, Verkhof ehf..
- Teikningar og verklýsingar Lagnir, Verkhof ehf.
- Teikningar og verklýsingar Raflagnir, Vattará ehf.
- Tilboðsblað ásamt tilboðsskrá
- Form verksamnings
- Form verktryggingar

Útboðsgögn má nálgast á usb lykli á skrifstofu Sveitarfélagsins Hornafjarðar að Hafnarbraut 27 Höfn frá og með þriðjudeginum 4. ágúst 2020, eftir klukkan 13:00 gegn 3.000 kr. greiðslu.

Einnig er hægt að fá útboðsgögnin send án endurgjalds með því að senda tölvupóst á [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) og óska eftir því að fá send útboðsgögn í verkið „Víkurbraut 24 Hornafjörður Endurbætur/Breytingar“. Þá verður sendur hlekkur til baka á þann stað sem hægt verður að sækja gögnin rafrænt. Vinsamlegast takið fram í viðfangsefni pósts „Víkurbraut útboðsgögn“

### Nánari upplýsingar veitir:

Björn Imsland, [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) sími 470-8014 eða 894-8413  
Brynja Dögg Ingólfssdóttir [brynja@hornafjordur.is](mailto:brynja@hornafjordur.is) sími 470-8003

# ALLT TIL ALLS Í NÆSTU NETTÓ!

Grill Grísakótleittur  
Léttreyktar

**1.264** KR/KG  
ÁÐUR: 2.299 KR/KG

-45%



KJÖTSEL

-40%



Helgarsteik  
Krydduð

**1.979** KR/KG  
ÁÐUR: 3.298 KR/KG

-50%



Bleikjuflök  
Með roði

**1.200** KR/KG  
ÁÐUR: 2.399 KR/KG



Humar hátiðarsúpa  
850ml

**1.154** KR/PK  
ÁÐUR: 1.649 KR/PK

-30%



-36%

Skinney ýsubitar

**1.196** KR/KG  
ÁÐUR: 1.869 KR/KG

## SJÁVARFANG Í KVÖLD?



Fersk bláskel  
750 gr

**1.399** KR/PK  
ÁÐUR: 1.999 KR/PK

-30%



Vínarpýlsur  
Nettó

**395** KR/PK  
ÁÐUR: 549 KR/PK

-28%

Avocado í neti  
700 gr

**299** KR/PK  
ÁÐUR: 598 KR/PK

-50%



KJÖTSEL

-28%

Chili pipar borgarar  
2 x 120 gr

**575** KR/PK  
ÁÐUR: 799 KR/PK

Heilsuvara  
vikunnar!

-25%

Now Omega 3  
100 töflur

**1.229** KR/STK  
ÁÐUR: 1.639 KR/STK



nettó

Lægra verð - léttari innkaup



VERSLAÐU Á NETINU  
[www.netto.is](http://www.netto.is)

Tilboðin gilda 13.–16. ágúst

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.  
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.  
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.